



*Ársskýrsla*  
*Jafnréttisstofu*  
*2008*

Jafnréttisstofa - Borgum - 600 Akureyri

Sími: 460 6200 – Bréfsími: 460 6201 – Netfang: [jafnretti@jafnretti.is](mailto:jafnretti@jafnretti.is) – [www.jafnretti.is](http://www.jafnretti.is)

# EFNISYFIRLIT

Formáli.....	4
Hlutverk og skipulag .....	6
Starfið 2008 .....	8
Helstu áherslur ársins.....	8
Ráðgjöf og upplýsingar.....	10
Einstaklingsmál .....	10
Jafnréttisáætlanir .....	10
Skýrslur og umsagnir .....	10
Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum.....	10
Umsagnir .....	11
Skýrslur fyrir alþjóðastofnanir.....	11
Nefndir og vinnuhópar .....	12
Kynbundinn launamunur .....	12
Aðgerðaáætlun vegna ofbeldis á heimilum og kynferðislegs ofbeldis.....	12
Starfshópur um aðgerðir gegn mansali .....	13
Jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna .....	13
Gagnabanki kvenna – Kvennaslóðir.is.....	13
Rannsóknarsetur vinnuréttar- og jafnréttismála .....	13
Mannréttindaskrifstofa Íslands.....	13
Málþing og opnir fundir .....	14
Jafnréttistorg.....	14
Eru sveitarfélögin að standa sig í jafnréttismálum? .....	15
Jafnréttisstofa á ferð um landið.....	17
Aðferðir til að ná launjafnrétti; Kostir, gallar og nýjar hugmyndir .....	15
Kvennasöguganga.....	15
16. daga átak gegn kynbundnu ofbeldi .....	15
Mannréttindayfirlýsing Sameinuðupjóðanna 60 ára .....	16
Fræðslufundir og erindi .....	16
Landsfundur Jafnréttisnefnda sveitarfélaganna og Jafnréttisþing í Mosfellsbæ .....	16
Námskeið.....	17

Námskeið um gerð jafnréttisáætlana.....	17
Verkefni .....	17
Karlur til ábyrgðar .....	17
Tea for Two - Jafnréttisvogin .....	17
Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum.....	18
Side by side - Samstíga.....	18
Útgáfa og vefsíða .....	18
Jafnréttisstofa á netinu .....	18
Jöfnum leikinn .....	19
Kynbundið ofbeldi; ástand, lög og aðgerðir á Norðurlöndum.....	19
Konur og karlar á Íslandi 2008.....	19
Hvað er jafnréttisáætlun? Leiðbeiningar við gerð jafnréttisáætlunar .....	19
Jafnrétti í skólum – Það læra börnin sem fyrir þeim er haft .....	19
Fjölmiðlatengsl .....	20
Umfjöllun í fjölmiðlum.....	20
Norrænt samstarf .....	20
NIKK – Norræna rannsóknastofnunin í kvenna- og kynjafræðum.....	20
Samstarf innan Evrópu og á alþjóðavettvangi .....	20
Jafnréttisráð .....	21
Kærunefnd jafnréttismála.....	21

## FORMÁLI

Þann 18. mars 2008 tóku gildi ný lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Þessi lög er fimmtu jafnréttislögin sem sett eru á Íslandi. Í þeim er að finna þó nokkur nýmæli. Ber þar fyrst að nefna að eftirlitshlutverk Jafnréttisstofu er styrkt töluvert, sérstaklega með því að Jafnréttisstofa getur nú beitt dagsektum ef jafnréttisáætlunum er ekki skilað eða upplýsingar sem kallað er eftir berast ekki frá fyrirtækjum eða stofnunum fyrir tiltekinn tíma. Eftir hrunið í október og skipan skilaneftnda og nýrra bankastjórna kallaði Jafnréttisstofa eftir upplýsingum frá bönkunum um kynjahlutföll í æðstu stöðum. Einn bankanna brást skjótt við en hinir tveir drógu að svara þannig að sektum var hótað. Þá svöruðu bankarnir fljótt og vel þannig að ljóst er að hótanir um sektir hafa mikil áhrif. Af fleiri nýmælum má nefna að í fyrsta sinn er kynbundið ofbeldi skilgreint í lögum og það verður hlutverk Jafnréttisstofu að vinna að forvörnum gegn kynbundnu ofbeldi í samvinnu við þá aðila sem koma að þeim málum. Vonir eru bundnar við að nýju lögin muni verða öflugt verkfæri til að ýta okkur áfram í átt til meira jafnréttis kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Það hefur þegar komið í ljós að ákvæði 15. gr. um að hlutur hvors kyns um sig megi ekki vera minni en 40% í nefndum, stjórnnum og ráðum opinberra stofnana eða fyrirtækja hefur að mestu verið virt. Þar með hefur hlutur kvenna aukist verulega.

Í kjölfar nýrra laga og nýrra verkefna fékk Jafnréttisstofa heimild til að fjölga starfsfólki. Einn starfsmaður fór til starfa á vegum UNIFEM í Sarajevó í Bosníu og er í launalausum leyfi. Starfsmenn urðu 8 árið 2008 og hafa þeir haldið fjölda námskeiða og skipulagt fundi víða um land.

Fjöldi verkefna var unninn á árinu. Ber þar einkum að nefna verkefnið *Jafnrétti í skólastarfi* sem er samstarfsverkefni margra aðila (sjá [www.jafnrettiaskolum.is](http://www.jafnrettiaskolum.is)) og verkefnið *Samstiga* (Side by side) sem er stutt af Progresssjóði Evrópusambandsins.

Ríkisstjórnin sem tók við völdum vorið 2007 lagði áherslu á að draga úr launamun kynjanna og að bæta kjör þeirra kvennastétta sem lægst hafa launin. Þrír starfshópar voru settir á laggir sem var ætlað það hlutverk að koma með tillögur að aðgerðum. Einn hópurinn skoðaði almenna vinnumarkaðinn, annar þann opinbera og þriðji hópurinn var ráðgjafarhópur fyrir ráðherra. Síðast taldi hópurinn fól Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands að gera könnun á launamun kynjanna og voru laun febrúarmánaðar könnuð en í þeim mánuði var enginn aukafrídagur. Könnunin var sérstök að því leyti að hún náði til alls landsins. Hún leiddi í ljós að kynbundinn launamunur mældist 16,3% á vinnumarkaðnum í heild en á landsbyggðinni reyndist hann 38% sem er verðugt rannsóknarefni. Ætlunin var að halda vinnu hópanna áfram en svo sem kunnugt er hrundi íslenskt efnahagslíf í byrjun október sem hafði gríðarleg áhrif á allt stjórnkerfið sem varð að snúa sér að ráðstöfnunum vegna kreppunnar.

Þrátt fyrir kreppuna stóð Jafnréttisstofa ásamt fjölda samstarfsaðila fyrir 16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi en það er alþjóðlegt átak skipulagt af Sameinuðu þjóðunum. Meðal annars var lesið upp úr íslenskum bókum þar sem kynbundið ofbeldi kemur við sögu, fundur haldinn í tilefni af afmæli mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna 10. des. og efnt var til samstöðu á Ráðhústorginu á Akureyri.

Hér á eftir verður greint frá því helsta sem við bar á árinu 2008, þeim verkefnum sem sinnt var og þeirri þjónustu sem Jafnréttisstofa veitti einstaklingum og opinberum aðilum.

Kristín Ástgeirsdóttir framkvæmdastýra.

## HLUTVERK OG SKIPULAG

Jafnréttisstofa annast stjórnslu á sviði jafnréttismála á Íslandi í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008. Jafnréttisstofa heyrir undir yfirstjórn félags- og tryggingamálaráðherra og tók formlega til starfa 15. september árið 2000.

Starfsfólk Jafnréttisstofu árið 2008 var: Kristín Ástgeirsdóttir framkvæmdastýra, Anna Hallgrímsdóttir, Hjálmar Sigmarsson, Hugrún R. Hjaltadóttir og Svala Jónsdóttir. Fjórir nýir starfsmenn hófu störf hjá Jafnréttisstofu á árinu. Það eru þau Ingibjörg Elísdóttir sem hóf störf í janúar, Arnfríður Aðalsteinsdóttir hóf störf í apríl, Bergljót Þrastardóttir gekk til liðs við stofuna í júní, og Tryggvi Hallgrímsson bættist í hópinn í september þegar Hjálmar Sigmarsson fór í leyfi til þess að sinna starfi á vegum UNIFEM í Sarajevo í Bosníu.

Um áramótin 2007 – 2008 lét Ingólfur V. Gíslason af störfum hjá Jafnréttisstofu. Hann gegnir nú lektorstöðu við Háskóla Íslands á sviði karlafræði, fæðingarorlofs og jafnréttismála. Staðan er styrkt af Jafnréttisstofu og mun Ingólfur því áfram sinna þeim rannsóknum sem hann vann að í starfi sínu fyrir stofuna. Samningurinn um stöðuna er til fimm ára og tók hann gildi 31. desember 2007.

Sumarið 2008 var Sigríður Svana Helgadóttir ráðin til þess að taka saman skýrslu um kynbundið ofbeldi fyrir Jafnréttisstofu. Skýrslan kom út um haustið undir nafninu *Kynbundið ofbeldi; ástand, lög og aðgerðir á Norðurlöndunum*.

Í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla hefur Jafnréttisstofa meðal annars þau verkefni með höndum að:

- hafa eftirlit með framkvæmd laganna
- sjá um fræðslu og upplýsingastarfsemi
- veita stjórnvöldum, stofnunum, fyrirtækjum, félögum og einstaklingum ráðgjöf í tengslum við jafnrétti kynjanna
- koma á framfæri við ráðherra, Jafnréttisráð og önnur stjórnvöld ábendingum og tillögum um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna
- koma með tillögur að sértækum aðgerðum
- auka virkni í jafnréttismálum, m.a. með aukinni aðild karla að jafnréttisstarfi,
- fylgjast með þróun jafnréttismála í þjóðfélaginu, m.a. með upplýsingaöflun og rannsóknum,

- veita jafnréttisnefndum, jafnréttisráðgjöfum og jafnréttisfulltrúum sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja aðstoð
- vinna að forvörnum gegn kynbundnu ofbeldi í samstarfi við önnur stjórnvöld og samtök sem sinna slíkum forvörnum sérstaklega
- vinna gegn launamisrétti og annarri mismunun á grundvelli kyns á vinnumarkaði
- leita sátta í ágreiningsmálum sem Jafnréttisstofu berast og varða ákvæði laga þessara
- breyta hefðbundnum kynjaímyndum og vinna gegn neikvæðum staðalímyndum um hlutverk kvenna og karla
- vinna önnur verkefni í samræmi við markmið laganna samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

Sérstaklega er tekið fram í lögum að opinberum stofnunum, atvinnurekendum og félagasamtökum sé skylt að veita Jafnréttisstofu hvers konar almennar upplýsingar sem nauðsynlegar eru starfsemi hennar.

# STARFIÐ 2008

## HELSTU ÁHERSLUR ÁRSINS

Þann 18. mars 2008 tóku gildi ný lög um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla nr. 10/2008. Í lögunum er að finna nokkur nýmæli. Eftirlitshlutverk Jafnréttisstofu var gert skýrara með því að stofan hefur nú skýrar lagaheimildir til að afla gagna hjá fyrirtækjum, stofnunum og félagasamtökum þegar stofan hefur rökstuddan grun um brot á lögunum. Sé ekki orðið við beiðni Jafnréttisstofu þá getur stofan lagt á dagsektir, allt að kr. 50.000 á dag. Jafnréttisstofa hefur sömu úrræði varðandi jafnréttisáætlanir. Með nýju lögunum urðu úrskurðir kærunefndar jafnréttismála bindandi og Jafnréttisstofa getur, að beiðni kæranda, fylgt úrskurðum eftir. Verði hinn brotlegi ekki við því getur Jafnréttisstofa lagt á dagsektir.

Kynjakvóti var tekinn upp varðandi nefndir, ráð og stjórnir hins opinbera. Hlutfall kynjanna á að vera sem jafnast og aldrei minna en 40% þegar fulltrúar eru fleiri en þrír. Ákvæði gildir einnig um stjórnir hlutafélaga og fyrirtækja sem ríki og sveitarfélög eru aðaleigendur að.

Kveðið er á um það í lögunum að ráðuneytum og stofnunum á þeirra málefnasviðum sé skylt að beita aðferðafræði kynjasambættingar til þess að tryggja að sjónarmið varðandi bæði kynin séu ávallt höfð til hliðsjónar við alla ákvarðanatöku og alla stefnumótum á vegum hins opinbera. Þetta ákvæði er einnig í samræmi við eitt af meginmarkmiðum laganna um að „gæta jafnréttissjónarmiða og vinna að kynjasambættingu í stefnumótun og ákvörðunum á öllum sviðum samfélagsins“.

Launaleynd hefur verið talin vera ein af ástæðum þess að launamunur kynjanna er viðvarandi. Til þess að vinna gegn þessu er í jafnréttislögunum nú kveðið á um það í 19. gr. að launafólki sé tryggður réttur til þess að skýra frá launakjörum sínum ef það svo kýs. Þetta ákvæði er mikil bót frá því sem var, en þó alls ekki nægjanlegt til þess að afnema launaleynd í raun.

Í 10. gr. laganna kemur fram að félags- og tryggingamálaráðherra skuli boða til jafnréttisþings á tveggja ára fresti. Á þinginu á að fjalla um jafnréttismál og félags- og tryggingamálaráðherra á að leggja fram skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála við upphaf þingsins. Fyrsta jafnréttisþing samkvæmt þessum lögum átti að halda haustið 2008, en því var frestað fram yfir áramótin vegna efnahagshrunsins í byrjun október.

Í 2. gr. laganna koma fram orðskýringar á lykilhugtökum. Þar eru meðal annars hugtökin bein og óbein mismunun skýrð, kynbundin áreitni, kynferðisleg áreitni, kynbundið ofbeldi og kynjasambætting. Þetta er mjög mikilvægt til þess að auðvelda alla umræðu og tryggja þannig að sami skilningur sé á hugtökunum hjá þeim sem um þessi málefni fjalla.



Þetta eru helstu nýmælin í lögnum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla sem sett voru í mars 2008. Til viðbótar verða hér nefnd nokkur ný verkefni sem Jafnréttisstofu voru falin með nýju lögnum.

Forvarnir gegn kynbundnu ofbeldi: Í lið 3. mgr. 3. gr. laganna kemur fram að Jafnréttisstofa eigi að vinna að „forvörnum gegn kynbundnu ofbeldi í samstarfi við önnur stjórnvöld og samtök sem sinna slíkum forvörnum sérstaklega“. Kynbundið ofbeldi er samfélagslegt vandamál í öllum löndum og þáttur í því að viðhalda kynjaskekkju. Þetta er málaflokkur sem því miður hefur lengi verið erfitt að fá í opinbera umræðu, en slíkt er nauðsynlegt til þess að mögulegt geti orðið að vinna með markvissari hætti að því að uppræta þetta ofbeldi. Það að fá skýringu á hugtakinu inn í lög og einnig að kveða á um skyldu Jafnréttisstofu og fleiri til að vinna að forvörnum eru því mikilvæg skref í átt til þess að jafna stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins.

Vinna gegn neikvæðum staðalímyndum: Samkvæmt lið 3. mgr. 4. gr. á Jafnréttisstofa að vinna að því að breyta hefðbundnum kynjaímyndum og vinna gegn neikvæðum staðalímyndum um hlutverk kvenna og karla.

Til kynningar á nýju lögnum gaf Jafnréttisstofa út sérstakan bækling sem dreift var á öll heimili í landinu. Bæklingurinn hlaut nafnið Jöfnum leikinn en í honum eru helstu markmið og ákvæði laganna kynnt á aðgengilegan hátt, auk þess sem farið er yfir helstu verkefni Jafnréttisstofu. Útgáfunni er ekki síst ætlað að auðvelda almenningi að átta sig á þeim mikilvægu réttindum, sem lögini tryggja.

Í kjölfarið lagði starfsfólk Jafnréttisstofu upp í nokkurskonar hringferð um landið og heimsótti Austur- og Vesturland. Markmið heimsóknanna var að kynna ný lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og ræða jafnrétti kynjanna við landsfólk. Frekari ferðalögum var frestað vegna hrunsins en reiknað með að taka upp þráðinn aftur.

Verkefnið *Jafnrétti í skólum* hófst formlega þann 22. maí þegar Jóhanna Sigurðardóttir, félags- og tryggingamálaráðherra, Ólafur F. Magnússon borgarstjóri, Kristín Ástgeirsdóttir jafnréttisstýra, Lúðvík Geirsson bæjarstjóri, Árni Þór Hilmarsson, framkvæmdastjóri fræðslusviðs Kópavogsbæjar, Katrín Björg Ríkarðsdóttir, framkvæmdastjóri samfélags- og mannréttindadeildar Akureyrarbæjar og Jóhanna B. Magnúsdóttir, formaður fjölskyldunefndar í Mosfellsbæ, undirrituðu samstarfssamning um þróunarverkefnið. Verkefnastjóri var svo ráðinn í kjölfarið og hefur verkefnið gengið vel.

Jafnréttisstofa hlaut styrk úr PROGRESS-sjóði Evrópusambandsins til þess að vinna verkefnið *Samstíga* eða *Side by Side*. Markmið verkefnisins er að þjálfa opinbera starfsmenn í aðferðarfræði samþættingar og gefa út íslenskt kennsluefni með hagnýtum upplýsingum um framkvæmd samþættingar. Hluti af því verkefni var heimsókn Ann Boman, eins helsta sérfræðings Svía í samþættingu, til landsins þar sem hún hélt tvö námskeið.

## RÁÐGJÖF OG UPPLÝSINGAR

Einstaklingar, félög, fyrirtæki, stofnanir og stjórnvöld geta leitað til Jafnréttisstofu eftir ráðgjöf varðandi málefni sem varða kynjajafnrétti. Töluvert er um það að hringt sé til Jafnréttisstofu eða tölvuskeyti send þar sem spurt er um ýmislegt varðandi jafnréttismál, bent á auglýsingar sem viðkomandi telur tæpast í samræmi við jafnréttislög og fleira. Jafnréttisstofa heldur úti heimasíðu með hagnýtum upplýsingum og fréttum um jafnréttismál. Jafnréttisstofa sendir einnig upplýsingar um jafnréttismál til þeirra sem skráð hafa sig á póstlista stofunnar og fer þeim fjölgandi.

### *EINSTAKLINGSMÁL*

Jafnréttisstofa veitir bæði lagalega og félagslega ráðgjöf til einstaklinga. Flest af þeim málum sem stofunni berast eru einstaklingsmál. Jafnréttisstofa leitast við að leysa málin með ráðgjöf varðandi réttarstöðu og/eða benda á mögulegar leiðir til lausnar mála. Stofan tekur einnig að sér að hafa samband við þann eða þá aðila sem hugsanlega hefur brotið gegn jafnréttislögum, allt í eðlilegu samhengi og samræmi við tilefnið. Flest mál leysast með þessum hætti. Ef þau gera það ekki og einstaklingur vill kæra mál til Kærunefndar jafnréttismála til að fá úr máli sínu skorið, þá aðstoðar Jafnréttisstofa við undirbúning kæru.

Fleiri konur en karlar leita eftir ráðgjöf Jafnréttisstofu. Karlar leita þó í auknum mæli til stofunnar og karlar senda stofunni ábendingar eins og konur.

### *JAFNRÉTTISÁÆTLANIR*

Fyrirtæki sem hafa fleiri en 25 starfsmenn skulu hafa jafnréttisáætlun eða kveða sérstaklega á um jafnréttismál í starfsmannastefnu sinni, sbr. 18. gr. jafnréttislaga nr. 10/2008. Jafnréttisstofa veitir stofnunum og fyrirtækjum ráðgjöf við gerð slíkra áætlana. Nokkuð var um það á árinu 2008, eins og áður, að fyrirtæki og stofnanir nýttu sér þessa aðstoð. Jafnréttisstofa heldur einnig námskeið um gerð jafnréttisáætlana ef þess er óskað.

## SKÝRSLUR OG UMSAGNIR

### *FRAMKVÆMDAÁÆTLUN RÍKISSTJÓRNARINNAR Í JAFNRÉTTISMÁLUM*

Jafnréttisstofa er ráðuneytum og stofnunum ríkisins sem vinna að framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum innan handar varðandi upplýsingar, fræðslu og ráðgjöf. Stofan sinnir einnig eftirliti með framgangi áætlunarinnar, fyrst og fremst í samstarfi við jafnréttisfulltrúa ráðuneyta. Jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna hafa m.a. það hlutverk að fylgja eftir verkefnum sinna ráðuneyta og þeir skila skýrslu um stöðuna til Jafnréttisstofu

um hver áramót. Á árinu 2008 lauk gildistíma framkvæmdaáætlunar fyrir tímabilið 2004-2008 og var sú áætlun gerð upp samhliða því að lagður var grunnur að nýrri áætlun.

#### *UMSAGNIR*

Mikilvægt er að jafnréttisumsögn fylgi lagafrumvörpum og þingsályktunum. Slík umsögn ætti helst að fylgja öllum lagafrumvörpum. Jafnréttisstofa veitti umsögn um eftirtalin lagafrumvörp og þingsályktanir á árinu 2008:

Mál nr. 14. frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (eignarhald, kynjahlutföll og starfandi stjórnarformenn)

Mál nr. 137. mál frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 44/1998 um húsnæðismál

Mál nr. 149 frumvarp til laga um breytingu á barnalögum nr. 76/2003

Mál nr. 248 tilaga til þingsályktunar um breytingar á starfsheiti ráðherra

Mál nr. 276 tillaga til þingsályktunar um skyldunámsefni fyrir unglunga um ólík kjör og hlutskipti kvenna á norðurslóðum

Mál nr. 285 frumvarp til laga um grunnskóla

Mál nr. 286 frumvarp til laga um framhaldsskóla

Mál nr. 287 frumvarp til laga um leikskóla

Mál nr. 288 frumvarp til laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla

Mál nr. 317 tillaga til þingsályktunar um siðareglur opinberra starfsmanna

Mál nr. 348 frumvarp til laga um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007, bann við nektarsýningum

Mál nr. 356. frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (eignarhald, kynjahlutföll og starfandi stjórnarformenn)

Mál nr. 528. frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum

Mál nr. 486. frumvarp til laga um ráðstafanir í efnahagsmálum

#### *SKÝRSLUR FYRIR ALÞJÓÐASTOFNANIR*

Ísland er aðili að alþjóðlegum samningum er varða jafnréttismál. Jafnréttisstofa svaraði fyrirspurnum þeirra stofnana sem fylgja þeim eftir. Rétt er hér að nefna nokkra samninga:

CEDAW – Samningur Sameinuðu þjóðanna um afnáma alls misréttis gagnvart konum. Ísland er aðili að CEDAW –samningnum (Convention on the Elimination of All Forms of Discrimination against Women) og ber að gera sérfræðinganevnd Sameinuðu þjóðanna grein fyrir stöðu jafnréttismála á landinu á fjögurra ára fresti. Var það gert á árinu 2008.

ILO – Íslenskum stjórnvöldum berast reglulega erindi frá Alþjóðavinnuáráðastofnuninni, ILO (International Labour Organisation), þar sem meðal annars er óskað upplýsinga um stöðu jafnréttismála. Þær samþykktir sem snúa að jafnréttismálum eru nr. 100 og 111. Næst verður fjallað um framkvæmd þeirra árið 2009.

Evrópuráðið – Jafnréttisstofa svarar spurningum sem berast frá Evrópuráðinu sem varða jafnréttismál. Á árinu 2008 bárust spurningalistar um söfnun gagna um ofbeldi í nánnum samböndum og um þátttöku kvenna og karla í ákvarðanatöku.

## NEFNDIR OG VINNUHÓPAR

### *KYNBUNDINN LAUNAMUNUR*

Framkvæmdastýra Jafnréttisstofu situr í ráðgjafarhópi sem hefur það hlutverk að vera félags- og tryggingamálaráðherra til ráðgjafar um framvindu aðgerða gegn kynbundnum launamun og að vinna að eða láta vinna mat á raunverulegum árangri aðgerða. Nefndin fól Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands að gera launakönnun og voru laun febrúarmánaðar mæld. Könnunin sem kynnt var í nóvember leiddi í ljós 16,3% kynbundinn launamun en á landsbyggðinni er hann 38%.

### *AÐGERÐAÁÆTLUN VEGNA OFBELDIS Á HEIMILUM OG KYNFERÐISLEGS OFBELDIS*

Framkvæmdastýra Jafnréttisstofu er í vinnuhópi sem hefur það hlutverk að fylgja eftir framkvæmdaáætlun sem ætlað er að vinna gegn ofbeldi gegn konum. Meginmarkmið aðgerðaáætlunarinnar er að vinna gegn ofbeldi á heimilum og kynferðislegu ofbeldi sem beinist að konum og börnum sem og að bæta aðbúnað þeirra sem orðið hafa fyrir ofbeldi eða eru í áhættuhópi hvað þetta varðar.

Áætlunin var unnin á vettvangi samráðsnefndar félagsmálaráðuneytis, dóms- og kirkjumálaráðuneytis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Við gerð áætlunarinnar var meðal annars höfð til hliðsjónar drög frjálsra félagasamtaka að aðgerðaáætlun gegn kynbundnu ofbeldi sem hafði verið send einstökum fagráðherrum í apríl 2005. Var hún samþykkt árið 2006. Á árinu var neyðarkort sem m.a. er ætlað konum af erlendum uppruna endurnýjað og viðamikil rannsókn var sett í gang á útbreiðslu kynbundins ofbeldis. Niðurstöður eru væntanlegar á næsta ári. Þá var gefin út bókin Ofbeldi í nánnum samböndum eftir Ingólf V. Gíslason. Hún er

bæði ætluð almenningi og fagstéttum og eru sérstakir kaflar ætlaðir ljósmæðrum, lögreglu, heilbrigðisstarfsfólki og félagsþjónustunni.

#### *STARFSHÓPUR UM AÐGERÐIR GEGN MANSALI*

Á vegum félagsmálaráðuneytisins starfar starfshópur um aðgerðir gegn mansali. Hlutverk starfshópsins er að fjalla um með hvaða hætti standa meggi að gerð og framkvæmd heildstæðrar áætlunar um aðgerðir gegn mansali á Íslandi. Tilgangurinn er að koma betra skipulagi á þær aðgerðir sem nauðsynlegar eru til þess að koma í veg fyrir mansal hér á landi. Jafnréttisstofa á sæti í starfshópnum sem mun skila tillögum á næsta ári.

#### *JAFNRÉTTISFULLTRÚAR RÁÐUNEYTANNA*

Í 13. grein jafnréttis laga er kveðið á um að í hverju ráðuneyti skuli starfa jafnréttisfulltrúi sem fjallar um og hefur eftirlit með jafnréttisstarfi á málavíðum viðkomandi ráðuneytis og stofnanna þess. Jafnréttisstofa og jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna halda mánaðarlega samráðsfundi. Á þeim fundum fer fram fræðsla fyrir jafnréttisfulltrúana og þeir samhæfa störf sín. Einnig komu jafnréttisfulltrúarnir á vinnufund til Jafnréttisstofu í apríl.

#### *GAGNABANKI KVENNA – KVENNASLÓÐIR.IS*

Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum, jafnréttisnefnd Háskóla Íslands, Kvennasögusafn Íslands og Jafnréttisstofa hafa með sér samstarf um kvennagagnabanka [www.kvennaslodir.is](http://www.kvennaslodir.is) Þar er að finna nöfn kvensérfræðinga á öllum sviðum þjóðlífsins. Markmið vefsins er að gera þekkingu og hæfni kvenna sýnlega og aðgengilega, þannig að t.a.m. fjölmiðlar, fyrirtæki og stjórnvöld geti fundið konur til margvíslegrar starfa á fljótvirkan hátt. Tengill á gagnabankann er nú á forsíðu vefs Bláðamannafélags Íslands, [www.press.is](http://www.press.is) Jafnréttisstofa hefur styrkt þetta verkefni fjárhagslega.

#### *RANNSÓKNARSETUR VINNURÉTTAR- OG JAFNRÉTTISMÁLA*

Framkvæmdastýra Jafnréttisstofu situr í stjórn rannsóknasetursins, en markmið þess er að efla kennslu, rannsóknir og ráðgjöf á sviði vinnuréttar- og jafnréttismála á vinnumarkaði og styrkja þannig stefnumótun á þeim sviðum.

#### *MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS*

Jafnréttisstofa á aðild að Mannréttindaskrifstofu Íslands. Skrifstofan er óháð stofnun sem vinnur að framgangi mannréttinda með því að stuðla að rannsóknum og fræðslu og efla umræðu um mannréttindi á Íslandi. Skrifstofan gegnir einnig ákveðnu eftirlitshlutverki en hún veitir umsagnir um lagafrumvörp og skilar skýrslum til eftirlitsnefnda Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðsins.

## MÁLÞING OG OPNIR FUNDIR

Á hverju ári tekur Jafnréttisstofa þátt í undirbúningi ýmissa funda bæði sjálfstætt og í samstarfi við aðra. Hér á eftir verða nefndir nokkrir slíkir fundir.

### JAFNRÉTTISTORG

Jafnréttisstofa og Háskólinn á Akureyri hafa undanfarin ár staðið sameiginlega að fyrirlestraröð um jafnréttismál undir yfirskriftinni Jafnréttistorg. Í ár voru haldnir fjórir fyrirlestrar.

Í febrúar flutti Sigrún Sigurðardóttir, hjúkrunarfræðingur erindið *Tíminn læknar ekki öll sár - Kynferðisleg misnotkun og önnur sálræn áföll í æsku og áhrif þeirra á heilsufar og líðan kvenna*. En þar kynnti hún rannsókn sína þar sem hún kannaði heilsufar og líðan kvenna sem hafa orðið fyrir sálrænum áföllum í æsku, eins og kynferðislegri misnotkun og öðru ofbeldi.

Í apríl fluttu Kristín Ástgeirsdóttir, framkvæmdastýra Jafnréttisstofu og Ingibjörg Elíasdóttir, lögfræðingur Jafnréttisstofu, erindi undir yfirskriftinni *Ný jafnréttislög – hvar erum við stödd?* Í febrúarmánuði á þessu ári voru ný jafnréttislög samþykkt og voru nýju jafnréttislögin til umfjöllunar. Kristín fjallaði um hvernig jafnréttislögin hafa þróast á Íslandi frá því að fyrstu lögin voru sett árið 1976 og hvaða breytingar hafa átt sér stað á lögnum á þessum árum. Ingibjörg kynnti nýju jafnréttislögin og fjallaði um helstu breytingar sem þeim fylgja og ræða hvaða áhrif þau geta haft á framtíð jafnréttismála.

Í október fjallaði Þorgerður Einarsdóttir, doktor í félagsfræði og dósent í kynjafræði við Háskóla Íslands, um kynjakvóta og sértækar aðgerðir undir yfirskriftinni *Eru kvótar og sértækar aðgerðir aumingjahjálpi fyrir konur?* Í júlí 2008 birti nefnd Sameinuðu þjóðanna tilmæli til íslenskra stjórnvalda í jafnréttismálum, en Ísland hefur undirritað alþjóðasamning SP um afnám allrar mismununar gagnvart konum. Nefndin lýsir vonbrigðum með að Ísland hafi ekki gripið til sérstakra tímabundinna aðgerða til að bæta stöðu kvenna. Á sama tíma og SP hvetur til slíkra aðgerða ríkir mikil tortryggni gagnvart þeim hér á landi og umræðan líður fyrir hugtakarugling og þekkingarleysi.

Í nóvember flutti Einar Mar Þórðarson, stjórn málafræðingur hjá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, erindi um stjórn málaþátttöku karla og kvenna og hvort munur sé á henni. Innlendir og erlendir kosningarannsóknir hafa sýnt að kosningahegðun kvenna hefur verið að breytast þannig að konur kjósa í auknu mæli vinstri flokka. Íslenskar kosningarannsóknir hafa sýnt að þessi munur er meiri hér á landi en annars staðar. Í fyrirlestrinum var fjallað um hvernig kosningahegðun karla og kvenna hefur þróast undanfarna áratugi, hvers vegna hún er svo ólík sem raun ber vitni og reynt að svara hverju

það sætir. Einnig var fjallað um aðra stjórnmalapáttöku eins og aðild að stjórnmalaflokkum, flokkshollustu og páttöku í prófkjörum

#### *STANDA SVEITARFÉLÖGIN SIG Í JAFNRÉTTISMÁLUM?*

Jafnréttisstofa stóð fyrir málþingi um stöðu jafnréttismála hjá sveitarfélögum, miðvikudaginn 9. apríl á Hótel KEA. Þar voru kynntar íslenskar niðurstöður Evrópuverkefnisins *Tea for two* eða *Jafnréttisvugin*, en þar var staða jafnréttismála mæld hjá sveitarfélögum í fimm löndum. Farið var sérstaklega yfir niðurstöður íslensku sveitarfélaganna og Akureyrarbæ veitt viðurkenning fyrir bestu frammistöðuna.

#### *AÐFERÐIR TIL AÐ NÁ LAUNJAFNRÉTTI; KOSTIR, GALLAR OG NÝJAR HUGMYNDIR*

Árlega stendur ASÍ, BHM, KÍ, KRFÍ, SÍB, Jafnréttisráð og Jafnréttisstofa að fundi í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi kvenna 8. mars. Árið 2008 var ákveðið að helga daginn áherslum á aðferðir til að ná fram jafnrétti í launum.

#### *KVENNASÖGUGANGA*

Til þess að minnast þess að konur hlutu kosningarétt til Alþingis þann 19. júní 1915 var efnt til kvennasögugöngu á Akureyri, í samstarfi við Zontaklúbbana á Akureyri, þar sem litið var yfir kvennasögu bæjarins. Á leið um innbæinn vitjuðu göngugestir ýmissa kvenna sem bjuggu og störfuðu í innbænum. Meðal annars var staldrað við heimili Vilhelmínu Lever, Ragnheiðar O. Björnsson, Önnu Þorbjargar, Elísabetar Geirmundsdóttur og fleiri kvenna.

#### *16. DAGA ÁTAK GEGN KYNBUNDNU OFBELDI*

Jafnréttisstofa tók þátt í 16. daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi en dagsetningar átaksins, frá 25. nóvember, alþjóðlegum baráttudegi gegn kynbundnu ofbeldi, til 10. desember, hins alþjóðlega mannréttindadags Sameinuðu þjóðanna, voru valdar til að tengja saman á táknrænan hátt kynbundið ofbeldi og mannréttindi. Markmið átaksins er að knýja á um afnám alls kynbundins ofbeldis. Fjöldi samtaka og stofnana koma að áttakinu og var þáttur Jafnréttisstofu á árinu 2008 veglegur enda fyrsta árið sem ofbeldi gegn konum heyrir formlega til málavíðs stofunnar. Undirritaður var formlegur samstarfssamningur um verkefnið Karlar til ábyrgðar, efnt var til hönnunarkeppni við Myndlistaskólann á Akureyri, þekktir leikarar lásu kafla úr skáldsögum og nemendur við MA lásu ljóð á Amtbókasafninu. Samstaða með þolendum kynbundins ofbeldis var skipulögð á Ráðhústorginu. Jafnréttisstofa tók einnig þátt í samstarfi um dagskrá í Reykjavík.

**Í heyranda hljóði** Í samstarfi við RIKK skipulagði Jafnréttisstofa opinn fund sérfræðinga um kynbundið ofbeldi. Fundurinn fór fram í nokkurskonar samtali sérfræðinga og fundargesta en það var gert að erlendri fyrirmynd en á ensku er þetta fyrirkomulag kallað „hearing“ sem hefur verið talin öflug leið til þess að fá fram staðreyndir og varpa ljósi á stöðu mála. Fengnir voru nokkrir undirbúnir spyrjendur til að liðka fyrir umræðum. Fundurinn ver

tekinn upp og má hlusta á hann á heimasíðu Jafnréttisstofu, undir liðnum Kynbundið ofbeldi.

#### *MANNRÉTTINDAYFIRLÝSING SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA 60 ÁRA*

Þann 10. desember stóðu Jafnréttisstofa, Akureyrarbær og Háskólinn á Akureyri fyrir hátíðardagskrá í Ketilhúsinu, á Akureyri í tilefni 60 ára afmælis mannréttindayfirlýsingarinnar. Yfirlýsingin lagði grunninn að hinu alþjóðlega mannréttindakerfi nútímans og á henni byggja helstu mannréttindasamningar og stjórnarskrárákvæði ríkja víða um heim. Þar voru flutt stutt erindi um mikilvægi yfirlýsingarinnar og nemendur í 8. bekk Lundarskóla og Verkmenntaskólanum á Akureyri kynntu verkefni sín um mannréttindi.

#### *FRÆDSLUFUNDIR OG ERINDI*

Starfsfólk Jafnréttisstofu heldur á hverju ári fjölda erinda um jafnrétti kynjanna á margvíslegum vettvangi innan lands sem utan. Flest eru þau haldin að ósk aðila sem leita til Jafnréttisstofu, en önnur eru flutt í tengslum við verkefni sem stofan hefur verið samstarfaðili að. Áhugavert er að flest þeirra erinda sem flutt eru erlendis eru um íslenska fæðingarorlofskerfið og nýtingu feðra á rétti sínum, enda hefur þátttaka feðra í fæðingarorlofi vakið mikla athygli út fyrir landsteinana.

Erindi sem starfsfólk Jafnréttisstofu hefur haldið innanlands hafa tengst hinum ýmsu þáttum jafnréttisstarfsins. Sum erindin fjalla um starfsemi stofunnar, jafnréttislöggjöfina og stöðu jafnréttismála á hinum ýmsu sviðum samfélagsins. Önnur eru hins vegar kynning á rannsóknarniðurstöðum eða tengd stærri málefnum í jafnréttisbaráttu, svo sem launamun kynjanna, fæðingarorlofi og vinnustaðamenningu. Einnig hefur starfsfólk Jafnréttisstofu flutt minni fyrirlestra og heimsótt vinnustaði, stéttarfélög, sveitarfélög, félagasamtök og skóla sem þess hafa óskað. Of langt mál væri að telja upp alla þá fundi en nokkra ber þó að nefna.

#### *LANDSFUNDUR JAFNRÉTTISNEFNDA SVEITARFÉLAGANNA OG JAFNRÉTTISÞING Í MOSFELLSBÆ*

Fjölskyldunefnd Mosfellsbæjar stóð fyrir tveggja daga jafnréttisdagskrá daganna 18. og 19. september. Fyrri dagurinn var Jafnréttisþing haldið til heiðurs Helgu J. Magnúsdóttur í samvinnu við Kvenfélagasamband Íslands og Kvenréttindafélag Íslands. Seinni dagurinn var landsfundur jafnréttisnefnda sveitarstjórna í samstarfi við Jafnréttisstofu.

Í tengslum við fundinn var Evrópusáttmáli um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum kynntur fyrir jafnréttisnefndunum en hann er gefinn út af Evrópusamtökum sveitarfélaga (CEMR) sem Samband íslenskra sveitarfélaga er aðili að. Sáttmálinn hefur nú verið þýddur



á íslensku og á fundinum bættist Mosfellsbær í hóp þeirra 700 sveitarfélaga í Evrópu sem undirritað hafa sáttmálann. Margt af því sem tiltekið er í sáttmálanum er þegar fyrir hendi í íslenskum sveitarfélögum enda bundið í lög á Íslandi, en annað er nýtt og athyglisvert og skapar sóknarfæri fyrir sveitarfélögin á þessu sviði. Í sáttmálanum er kveðið á um að þau sveitarfélög sem undirrita hann skuldbindi sig til að gera jafnréttisáætlun sem varðar helstu forgangsmál og hvernig þau ætli að ná árangri á þeim sviðum. Akureyri og Hafnafjörður hafa nú einnig undirritað sáttmálann.

#### *JAFNRÉTTISSTOFA Á FERÐ UM LANDIÐ*

Í kjölfarið nýrra jafnréttislaga fór starfsfólk Jafnréttisstofu í nokkurskonar hringferð um landið og heimsótti Ísafjörð og Egilsstaði. Markmið heimsóknanna var að kynna ný lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og ræða jafnrétti kynjanna við landsfólk. Einnig var tækifærið notað og fundað með sveitarstjórnarfólki á báðum stöðum. Frekari ferðalögum var frestað vegna efnahagshrunsins.

#### *NÁMSKEIÐ*

Jafnréttisstofa býður upp á námskeið um jafnréttisstarf fyrir fyrirtæki og stofnanir. Námskeiðin eru sérstaklega sniðin að þörfum þeirra sem eftir þeim óska. Fjallað er um jafnréttisstarf í víðu samhengi, svo sem jafnréttislögin, aðferðafræði við samþættingu og gerð jafnréttisáætlana.

#### *NÁMSKEIÐ UM GERÐ JAFNRÉTTISÁÆTLANA*

Námskeiðið er um það bil fjórar klukkustundir að lengd sem sérstaklega er hugsað fyrir stofnannir og fyrirtæki sem eru að hefja jafnréttisstarf og ætla að setja sér jafnréttisáætlun. Einnig hefur það verið aðlagð fyrir þá sem eru að endurskoða eldri áætlanir í samræmi við nýja löggjöf.

#### *VERKEFNI*

Jafnréttisstofa vinnur að ýmsum ólíkum verkefnum, ýmist sjálfstætt eða í samstarfi við aðra. Hér eru nefnd stærri verkefni stofunnar.

#### *KARLAR TIL ÁBYRGÐAR*

*Karlar til ábyrgðar* er verkefni sem hófst árið 1998 en féll svo niður. Því var komið aftur af stað 2006. Um er að ræða eina sérhæfða meðferðarræðið fyrir karla sem beita ofbeldi á heimilum hér á landi. Bæði er boðið upp á einstaklingsmeðferð og hópmeðferð hjá sálfræðingum. Þótt karlar séu ekki einir um að beita ofbeldi er meðferðarræðið aðeins fyrir þá. Ingólfur V. Gíslason er verkefnisstjóri og umsjón þess er í höndum sálfræðinganna Einars Gylfa Jónssonar og Andrésar Ragnarssonar.

#### *TEA FOR TWO - JAFNRÉTTISVOGIN*

*Jafnréttisvugin* var samstarfsverkefni Búlgaríu, Finnlands, Grikklands, Noregs og Íslands. Markmið verkefnisins var að safna gögnum um þátttöku kynjanna í sveitastjórnnum og þróa tæki til

gagnaöflunar og mælingar. Þetta er gert til að upplýsingarnar séu aðgengilegar og sýnilegar almenningi, til að hvetja sveitarstjórnir til að gæta jafnréttis og fylgjast með stöðu og þróun jafnréttismála hjá sveitarfélögunum. Verkefninu lauk formlega á árinu 2007 en heimasíða verkefnisins er virk <http://www.tft.gender.is> Vonir eru bundnar við að hægt verði að þróa þetta mælitæki enn frekar og nýta til styrkingar jafnréttismála á öllu landinu.

#### *JAFNRÉTTISFRÆÐSLA Í LEIK- OG GRUNNSKÓLUM*

Á árinu hófst verkefnið *Jafnrétti í leik- og grunnskólum* formlega en undirbúningur að því hafði staðið í nokkurn tíma. Verkefni miðar að því að auka og efla jafnréttis- og kynjasjónarmið í skólastarfi, bæði í leik- og grunnskólum. Hugmyndin er að hanna vefsíðu þar sem upplýsingar um jafnréttisfræðslu verða aðgengilegar, auk upplýsinga um verkefni sem nota má í skólastarfi. Einnig á að fá grunn- og leikskóla til að sinna tilraunaverkefnum á sviði jafnréttismála og að nota vefsíðuna til kynningar á þeim. Sérstakur stýrihópur var settur saman til að vinna að undirbúningi og skipulagi verkefnisins. Arnfríður Aðalsteinsdóttir er verkefnastjóri verkefnisins og hefur hún umsjón með söfnun efnis, gerð samninga um notkun þess og að setja efnið inn á vefsíðu, auk þess að vera tengiliður við tilraunaskólana.

#### *SIDE BY SIDE - SAMSTÍGA*

Jafnréttisstofa hlaut styrk frá Evrópusambandinu til að standa straum af verkefninu *Side by side - Samstíga*. Markmið verkefnisins er að efla samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í opinberri stjórnsýslu. Á árinu var haldið námskeið fyrir jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna um grundvallaratriði samþættingar og sérfræðingánámskeið fyrir fólk sem kennir samþættingu og hefur nýtt hana í sínu starfi. Í tengslum við verkefnið hefur verið opnuð heimasíða sem á að safna og miðla efni um samþættingu á meðan á verkefninu stendur. Einnig var lagt af stað í nokkur verkefni sem nýtt verða sem leiðbeinandi dæmi í handbók um samþættingu sem kemur út á næsta ári.

#### ÚTGÁFA OG VEFSÍÐA

##### *JAFNRÉTTISSTOFA Á NETINU*

Upplýsingar og fréttir eru birtar reglulega á vefsíðu Jafnréttisstofu [www.jafnretti.is](http://www.jafnretti.is) en Jafnréttisstofa hefur það að markmiði að heimasíðan sé í senn fróðleg og lifandi. Á heimasíðunni er að finna safn af fræðsluefni og skýrslur um jafnréttismál, orðabók og atburðadagatal en er reynt að setja þar inn helstu atburði sem tengjast jafnréttismálum. Jafnréttisstofa er einnig með enska heimasíðu. Jafnréttisstofa hefur lagt áherslu á að gefa út allt sit efni rafrænt svo það sé sem aðgengilegast og nýtist sem best og er það að finna á heimasíðunni.

Jafnréttisstofa er einnig með nokkrar minni síður tengdar ákveðnum verkefnum sem unnar eru á hennar vegum. Þrjár slíkar voru opnaðar á árinu. Kynningarsíða fyrir verkefnið *Karlar til ábyrgðar* [www.karlartilabyrgdar.is](http://www.karlartilabyrgdar.is). Samskipta- og upplýsingarsíða fyrir

þróunarverkefnið *Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum* [www.jafnrettiiskolum.is](http://www.jafnrettiiskolum.is). Fræðslusíða fyrir Evrópuverkefnið *Samstíga* á slóðinni [www.samstiga.is](http://www.samstiga.is).

Í október var farið að birta reglulega sem greinar um jafnréttismál á heimasíðunni, bæði eftir starfsfólk stofunnar og aðra. Níu greinar voru birtar á þeim tíma sem eftir var af árinu. Efni greinanna var fjölbreytt og oft í takt við annað sem var að gerast í samfélaginu. Sumar greinarnar voru sérstaklega skrifaðar fyrir heimasíðuna, aðrar voru fyrirlestur sem snarað var í greinar og enn aðrar voru birtar annarstaðar. Höfundar greinanna aðrir en starfsmenn stofunnar voru: Einar Mar Þórðarson, Jóhannes Sigurjónsson, Lilja S. Sigurðardóttir, Katrín Anna Guðmundsdóttir og Steinunn Valdís Óskarsdóttir.

### *JÖFNUM LEIKINN*

Í tilefni af nýjum jafnréttislögum stóð Jafnréttisstofa að útgáfu kynningarbæklings. Í honum var farið í helstu atriði laganna, markmið þeirra, starfsemi Jafnréttisstofu, kærunefndar jafnréttismála og Jafnréttisráðs. Hann má finna á heimasíðu stofunnar.

### *KYNBUNDIÐ OFBELDI; ÁSTAND, LÖG OG AÐGERÐIR Á NORÐURLÖNDUM*

Kynbundið ofbeldi hefur fengið aukna athygli alþjóðasamfélagsins allt frá því að *Samningur um afnám allrar mismununar gagnvart konum* var samþykktur árið 1979. Í kjölfarið hafa þjóðir heims unnið að markmiðum yfirlýsinga, framkvæmdaáætlana og samninga og óumdeilt að staðan í þessum málaflokki hefur breyst mikið, bæði hvað varðar löggjöf og vilja ríkisstjórna til að standa sig betur. Á árinu gaf Jafnréttisstofa út skýrslu um stöðu Íslands í alþjóðasamfélaginu hvað varðar upprætingu ofbeldis gegn konum. Í skýrslunni eru alþjóðaskuldbindingar landsins skoðaðar og hvort stjórnvöld uppfylli þær skuldbindingar með löggjöf og aðgerðaráætlunum sem settar hafa verið síðastliðin ár. Staðan hérlandis er borin saman við stöðuna á hinum Norðurlöndunum og að lokum eru dregnar saman helstu niðurstöður. Höfundur er Sigríður Svana Helgadóttir laganemi. Skýrsluna er hægt að finna á heimasíðu stofunnar.

### *KONUR OG KARLAR Á ÍSLANDI 2008*

Undanfarin ár hefur Jafnréttisstofa, í samstarfi við Hagstofu Íslands og félags- og tryggingarmálaráðuneytið, gefið út bækling með tölfræði upplýsingum um stöðu kynjanna í íslensku samfélagi. Bæklingurinn er gefinn út bæði á íslensku og ensku.

### *HVAÐ ER JAFNRÉTTISÁÆTLUN? LEIÐBEININGAR VIÐ GERÐ JAFNRÉTTISÁÆTLUNNAR*

Jafnréttisstofa endurskoðaði leiðbeiningabækling sinn um gerð jafnréttisáætlana í samræmi við nýja löggjöf. Í bæklingnum er farið yfir þau atriði sem lögbundið er að eigi að taka á í jafnréttisáætlunum og fleira. Þessi bæklingur hefur eingöngu verið gefinn út rafrænt og er aðgengilegur á heimasíðu stofunnar.

### *JAFNRÉTTI Í SKÓLUM – ÞAÐ LÆRA BÖRNIN SEM FYRIR ÞEIM ER HAFT*

Í tengslum við verkefnið Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum var gefinn út kynningarbæklingur. Í honum er markmið verkefnisins og heimasíða þess kynnt. Hægt er að nálgast hann á heimasíðu verkefnisins.

## FJÖLMIÐLATENGL

### *UMFJÖLLUN Í FJÖLMIÐLUM*

Jafnréttisstofa telur mikilvægt að taka þátt í samfélagslegri umræðu með birtingu blaðagreina, kynningum og auglýsingum þegar við á. Nokkur fjöldi tilvitnana í starfsfólk stofunnar hefur birst í dagblöðum, tímaritum, útvarpi og sjónvarpi, auk þess sem starfsfólkið hefur ritað greinar um ýmis mál tengd jafnrétti kynjanna.

### NORRÆNT SAMSTARF

Ísland er þátttakandi í samstarfi Norðurlanda á sviði jafnréttismála í gegnum Norrænu ráðherranefndina. Félagsmálaráðuneytið og Jafnréttisstofa koma að þessu samstarfi fyrir hönd Íslands. Samstarfið byggist upp á sameignlegri framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum en í tengslum við framkvæmd hennar starfar embættismannanefndin „Äk-Jäm“ sem hittist reglulega ásamt því að jafnréttisráðherrar landanna hittast árlega á fundi.

### *NIKK – NORRÆNA RANNSÓKNASTOFNUNIN Í KVENNA- OG KYNJAFRÆÐUM*

NIKK er norræn rannsóknastofnun í kvenna- og kynjafræðum með aðsetur í Osló. Jafnréttisstofa tilnefnir aðila til stjórnar NIKK fyrir hönd Íslands, ásamt Rannsóknastofnun í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands (RIKK). Nánari upplýsingar um NIKK má finna á slóðinni <http://www.nikk.uio.no/>

### SAMSTARF INNAN EVRÓPU OG Á ALÞJÓÐAVETTIVANGI

Jafnréttisstofa tekur þátt í samstarfi á evrópskum vettvangi. Stofan á fulltrúa í jafnréttisnefnd Evrópuráðsins (CDEG), ráðgjafanefnd ESB um jafnréttismál, og í vinnuhóp EFTA um jafnréttis- og fjölskyldumál. Stofan hefur einnig sent fulltrúa á fund kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna (Commsission on the Status of Women, CSW) en Ísland á sæti í nefndinni til ársins 2008.

Framkvæmdastýra er formaður vinnuhóps EFTA um jafnréttismál og sækir hún reglulega fundi vinnuhópsins í Brussel. Framkvæmdastýra sótti einnig fund kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna í New York á árinu. Fulltrúi Jafnréttisstofu sóti fundi á vegum stjórnarnefndar Evrópuráðsins í Strassborg. Einnig var fulltrúi Jafnréttisstofu tengiliður Íslands vegna herferðar Evrópuráðsins sem beindist að ofbeldi gegn konum og sótti hann fundi í Strassborg vegna þessa verkefnis.

## JAFNRÉTTISRÁÐ

Samstarf er á milli Jafnréttisstofu og Jafnréttisráðs þótt engin formleg tengsl séu milli þeirra samkvæmt lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Samkvæmt samstarfssamningi milli þessara aðila leggur Jafnréttisstofa ráðinu til aðstoð með aðgang að starfsmanni.

Í jafnréttislögunum er kveðið á um að Jafnréttisráð skuli starfa í nánum tengslum við Jafnréttisstofu og vera félags- og tryggingamálaráðherra og framkvæmdastjóra Jafnréttisstofu til ráðgjafar við faglega stefnumótun í málum er tengjast jafnrétti kynjanna. Má því vænta þess að samstarf Jafnréttisráðs og Jafnréttisstofu verði meira og markvissara ef frumvarpið nær fram að ganga.

Heimasíða Jafnréttisráðs er <http://jafnrettisrad.jafnretti.is/>

## KÆRUNEFND JAFNRÉTTISMÁLA

Ekki eru formleg tengsl á milli Jafnréttisstofu og kærunefndar jafnréttismála. Samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla er það í verkahring Jafnréttisstofu að veita einstaklingum ráðgjöf vegna jafnréttismála. .

Árið 2008 bárust kærunefndinni 8 mál, 5 frá konum og 3 frá körlum. Nefndin sendi frá sér álitargerðir í níu málum sem bárust henni á árunum 2007 og 2008. Hún taldi brotið gegn jafnréttislögum í einu af þessum níu tilvikum. Álit kærunefndarinnar má nálgast á slóðinni <http://www.rettarheimild.is/Felagsmala/KaerunefndJafnrettismala>